

Fyrsti fundur haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 21. janúar 2021 að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Hersís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Beiðni frá Katrínu Gísladóttur um að henni verði veitt tímabundið leyfi frá störfum í hreppsnefnd og fræðslu og skólanefnd af persónulegum ástæðum. Samþykkt samhljóða að veita Katrínu leyfi til loka júní 2021.
2. Samningur SSV við ráðuneytið um rekstur áfangastaðastofu á Vesturlandi. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við samninginn.
3. Lýsing fyrir nýtt deiliskipulag tengivirkislóðar Landsnets og RARIK í landi Straumfjarðartungu, unnin af Alta.

Lögð fram, með tilvísan í 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 lýsing fyrir deiliskipulag tengivirkis við Vegamót. Núverandi tengivirki Landsnets við Vegamót er komið til ára sinna og þörf á endurnýjun. Framkvæmdir eru í samræmi við aðalskipulag en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Tengivirkið er mikilvægur tengipunktur, þar sem kemur saman eina tenging Snæfellsness við meginflutningskerfið um Vegamótalínu 1, sem liggur á milli Vegamóta og Vatnshamra í Borgarfirði, og tenginga til annars vegar Ólafsvíkur og hins vegar Stykkishólms. Gert er ráð fyrir að mörk nýs deiliskipulags fylgi lóðamörkum og að innan þeirra verði nýtt stöðvarhús, stjórnbygging, spennir og línumöstur.

Bókun:

Hreppsnefnd samþykkir að kynna framlagða lýsingu með tilvísan í 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Erindi frá Pál Ingólfssyni dagsett 12. janúar 2021 og varðar útihús í Straumfjarðartungu. Um er að ræða beiðni um að eignir verða feldar úr fasteignamati.
Afgreiðsla: Búið er að fella út úr fasteignamati þær eignir sem búið er að rífa.
Beiðni um að skrá eignir úr fasteignamati þar sem þak er rofið en annað stendur er hafnað. Ef eigandi eigna er ósáttur við fasteignamat eigna sinna getur hann beðið Þjóðskrá um endurmat á þeim.
5. Drög að aðgerðaáætlun fyrir Vesturlands, sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Ekki eru gerðar athugasemdir við aðgerðaáætlunina af hálfu hreppsnefndar.
6. Fundarboð á eigandafund Sorpurðunar Vesturlands 1. febrúar 2021. Lagt fram til kynningar.
7. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna 2021. Samþykkt samhljóða.
8. Erindi frá Fræðslu og skólanefndar dagsett 12. janúar 2021 og varðar samning sveitarfélagsins við Félags og Skólaþjónustu Snæfellinga.

Á öðrum fundi sveitarstjórnar 2020 var farið yfir þessi mál en það var í kjölfar á bókun sem kom fram á 25. fundi fræðslu og skólanefndar. Í framhaldi af fundi hreppsnefndar óskaði oddviti eftir fundi með skólastjóra og á honum var farið yfir hvað þyrfti að skoða. Tók oddviti að sér að senda skólastjóra þá samninga sem væru til staðar milli FSSF og sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gerðist formlegur aðili að Félags og skólaþjónustu Snæfellinga 2014. Þá var stofnsamningurinn uppfærður og fékk oddviti hann hjá FSSF í tölvupósti 4. mars 2020 sem var áframsendur til skólastjóra en í honum er farið yfir skyldur FSSF gagnvart sveitarfélaginu.

Það var síðan meiningin að skólastjóri tæki saman hvaða þjónustu Laugargerðisskóli væri að fá miðað við skyldur FSSF. Í framhaldi af því var síðan mikilvægt að skilgreina hvaða þjónustu skólinn vildi veita umfram þær skyldur sem lagðar væru á FSSF samkvæmt samningnum og þá kostnaðarmeta það og sækja um til sveitarstjórnar. Oddvita barst tölvupóstur frá skólastjórna 18. mars þar sem farið var yfir reglugerð frá 2010 sem skilgreinir sérfræðipjónustu fyrir leik og grunnskóla. Ljóst var að af samtölum við aðila ber FSSF og skólastjórna ekki saman um hvaða þjónustu er verið að veita skólanum frá hendi FSSF.

Afgreiðsla: samþykkt að fela oddvita að koma á fundi með FSSF, skólastjóra og sveitarstjórn eins fljótt og hægt er til að fara yfir þessi mál.

9. Beiðni frá Gísla Guðmundssyni um að Fræðslu og skólanefnd verði sett erindisbréf. Í samræmi við beiðni Gísla lagði oddviti fram drög að erindisbréfi fyrir Fræðslu og skólanefnd í sveitarfélaginu. Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
10. 27 fundargerð Fræðslu og skólanefndar Laugargerðisskóla frá 10. desember 2020. Fundargerðin lögð fram og ekki gerðar athugasemdir við hana nema að undanskildum liðnum um trúnaðarmál. Sveitarstjórn frestar að taka hann fyrir þangað til að það verður hægt að leggja trúnaðarbók fræðslunefndar fyrir sveitarstjórn.
11. 28 fundargerð Fræðslu og skólanefndar Laugargerðisskóla frá 12. janúar 2021. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fundargerðina. Skólastjóri lagði fram umbótaáætlun á fundinum en ef þetta er umbótaáætlun vegna ytra mats frá 2016 er afar mikilvægt að fara að ljúka við hana. Oddvita falið að senda erindi til skólastjóra þar sem farið er fram á tímasetta áætlun um það hvenær þessari vinnu myndi ljúka.
12. 158 fundargerð stjórnar SSV. Lögð fram til kynningar
13. Opinber útgáfa af fundargerð 189 fundar félagsmálanefndar FSS. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Herdís Þórðadóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)